

# STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1996

Nr. 488

1230

13. september 1996

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja er taki gildi 15. september 1996.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 9 12. janúar 1996 fyrir raforku með áorðnum breytingum. Taxi D. Hitun - hækkar um 2,14%.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 10 12. janúar 1996 fyrir heitt vatn. Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,14%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.*

F. h. r.

**Sveinn Þorgrímsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 489

2. september 1996

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skráning og meðferð móttekinna gagna.*

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá gögn sem aflað er frá skattaðila er sætir rannsókn og veita honum staðfestingu um móttekin gögn. Að rannsókn lokinni ber að afhenda skattaðila þau aftur verði ekki frekar aðhafst, en ella gögn þau, sem rannsókn er ekki byggð á eða hafa ekki þá þýðingu fyrir niðurstöðu rannsóknar að þörf sé á að halda þeim, og önnur gögn, þegar þörf telst ekki lengur vera á haldi þeirra og í síðasta lagi þegar meðferð máls er endanlega lokið. Skal skattrannsóknarstjóri ríkisins gefa út skriflega kvittun fyrir afhendingu gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal, svo sem frekast er kostur, leitast við að tryggja skattaðila nauðsynlegan aðgang að gögnum hans meðan á meðferð máls stendur, með tíma-

Gutenberg

**Endurprentað blað.**